



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11. Nóv. 1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

Reykjavík, 13. desember 2007

5. stjórnarfundur BLÍ, miðvikudaginn 12. desember kl. 17.15

Dagskrá

- Landsliðsmál
- Val á íþróttamanni ársins
- Frá formannafundi ÍSÍ
- Mótamál – Brosbikarinn – setja á starfsnefnd í kringum kynningu og markaðsmál 15.-16. mars 2008.
- Erindi – send og fengin
- Styrkumsóknir
- Önnur mál
 - Námskeið – þjálfaranámskeið/ráðstefna – A þjálfari BLÍ
 - 35 ára afmæli BLÍ 11. nóvember.
 - Heiðursmerki – yfirlit
 - Fjárhagsstaða
 -

Mæting: Jason Ívarsson formaður, Stefán Jóhannesson vf., Óskar Hauksson, Ástríður Valbjörnsdóttir, Harald Ísaksen, Svala Vignisdóttir og Hreggviður Norðdahl. Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir boðuði komu sína seint inn á fund en mætti ekki. Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð.

Fundargerð

Landsliðsmál

- ✓ Búið að ganga frá samningi við Magnús Aðalsteinsson og Emil Gunnarsson um þjálfun á A-landsliði kvenna. Verkefnin liggja fyrir (sjá fundargerð 4).
- ✓ Enn ófrágengið með karllandsliðið enda ekki nein tímapressa þar.
- ✓ Við bíðum eftir Makedóníu með tillöguna um að leika báða kvennaleikina hjá þeim og svörum því um leið og það berst.
- ✓ Formaðurinn á Möltu sendi inn nýjar dagsetningar fyrir Evrópukeppni smáþjóðanna sem við þurfum að svara – landsliðsnefnd skoðar þetta.



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

- ✓ Fundur með unglíngalandsliðsnefnd (Ástu formanni) gekk vel. Komu upp hugmyndir að samnýta þjálfarateymi og æfingátíma fyrir A-liðin og U19 liðin. Finna svo nýtt teymi fyrir U17. Það er allt í vinnslu.
- ✓ Norðurlandamót U19 næsta haust. Framkvæmdastjóri fer á fund í Svíþjóð í janúar með umsókn okkar að mótshaldinu. Bréf hefur verið sent til Mosfellsbæjar og Akureyrarbæjar um mótssstað.

Val á íþróttamanni og konu ársins 2008.

- ✓ Blakmaður ársins er: Davíð Búi Halldórsson, KA
- ✓ Blakkona ársins er: Miglena Apostolova, Þrótti Nes.

Frá formannafundi ÍSÍ

- ✓ Jason fór á formannafund, sem var að mestu afgreiðslufundur.

Mótamál

Brosbikarinn verður 15.-16. mars – þ.e. úrslitahelgin. Framkvæmdastjóri kom með tillögu til að stofna starfsnefnd í kringum helgina sem vinnur markvisst að markaðsmálum, sölu auglýsinga og miðasölu inn á leikina. Ákveðið að fá Markaðsmenn í sölu auglýsinga á gólf og skilti, jafnvel einhverja mótaskrá fyrir helgina.

Innsend bréf: Aðallega bréf frá ÍSÍ vegna íþróttamanns ársins. Einnig kom bréf frá CEV um lokanir skrifstofunnar um jól og áramót. Framkvæmdastjóri skilaði skilagrein vegna ríkisframlags 2007.

Önnur mál

- ✓ Þjálfaranámskeið í janúar. Hugmynd um þátttökugjald og fleira voru rædd og einnig þörfin á slíku námskeiði. Reyna að gera þetta að A-stigi þjálfara, 10 tímar í janúar og svo framhald. Sævari falið að finna lausn.
- ✓ Afmæli BLÍ var haldið 6. desember, þar sem helsta fólk innan hreyfingarinnar mætti ásamt æðstu mönnum innan ÍSÍ komu með blómvönd.
- ✓ Heiðursmerki BLÍ – samþykkt að veita Sigurði Arnari Ólafssyni Gullmerki BLÍ á afmælishófi KA (80 ára) þann 12. janúar nk.
- ✓ Ólympíuleikar ungmenna 2010, nýtt sem verið er að vinna að og kom fram á formannafundinum.

Fundi slitið kl. 18.40

Sævar Már Guðmundsson, fundarritari